



FUNDARGERÐ
6. fundur Húsakynna bs
haldinn á Laugalandi , 30. september 2019
og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Hjalti Tómasson, Steindór Tómasson, Brynja Jóna Jónasdóttir, Ágúst Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Heimir Hafsteinsson og Guðni Kristinsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 27092019 - 1909069

Yfirlit um rekstur Húsakynna bs janúar-ágúst 2019

Lagt fram rekstraryfirlit janúar-ágúst til kynningar.

2. Framkvæmdaáætlun 2019 - 1810056

Staða verkefna.

HH fór yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir ársins. Klæðningu er að ljúka og búið er að skipta um alla glugga og hurðir á vesturhlið gamla skólans. HH greindi frá því að vatnstjón er í kjallara bókasafns og hefur þar verið brugðist við til að stöðva frekara tjón. Unnið er að því að setja upp girðingu fyrir leikskólann. Reiknað er með því að skipta um þakjárn á gamla skólanum þegar klæðningavinnu lýkur.

3. Eignir í umsjá Húsakynna bs - 1601012

Erindi vegna aðstöðuhúss á tjaldsvæði.

Tekið fyrir erindi frá Engilbert Olgeirssyni og Rán Jósepsdóttur en þau hafa óskað eftir viðræðum um að kaupa aðstöðuhús við tjaldsvæðið á Laugalandi. Þau telja að komið sé að töluverðu viðhaldi. Tekið er vel í erindið. Ákveðið að óska eftir verðmati fasteignasala á eigninni. Jafnframt er formanni falið að hitta Engilbert og Rán þegar verðmat liggur fyrir. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. Fjárhagsáætlun 2020 - Húsakynni bs - 1909070

Forsendur og undirbúningur.

Rætt um undirbúning fjárhagsáætlunar næsta árs. Gert er ráð fyrir að bílaplan á Laugalandi skv. fyrirliggjandi áætlunum verði meginfjárfesting næsta árs. Reiknað er með að fjárhagsáætlun verði lögð fram á næsta fundi Húsakynna bs sem áætlaður er þann 29. október nk.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:20.


Hjalti Tómasson


Steindór Tómasson


Brynja Jóna Jónasdóttir




